

## Fundargerð

*Fundur í hafnarnefnd haldinn 19.sept. 06  
í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.*

*Fundur hófst kl. 15:00.*

Mættir: Jónas Jóhannsson, formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Marinó Jónsson, Björn Ingimarsson, Indriði Þóroddsson og Steinn Karlsson.

### Dagskrá.

#### 1. Mál. Gjaldskrá Langaneshafna og eyðublöð.

Lögð fram tillaga að samræmdri gjaldskrá og eyðublöðum er unnar voru af hafnarstjóra og hafnarvörðum. Samþykkt samhljóða og hafnarstjóra falið að koma nýrri gjaldskrá á framfæri við samgönguyfirvöld til staðfestingar og auglýsa síðan.

#### 2. Mál. Hafnarsambandsþing, 12.- 13. október. Tilnefning fulltrúa og áherslumál.

Samþykkt að Björn Ingimarsson og Steinn Karlsson fari fyrir hönd Langaneshafna. Einnig rædd þau mál er rétt væri að leggja áherslu á s.s. námskeið vegna löggildingar vigtarmanna.

#### 3. Mál. Önnur mál.

Samþykkt að sameina mæla í aðaltöfluhúsi á Þórshöfn í einn og hafnaverði falið að ganga í málið